

Mánudaginn 14. desember 1970.

Nr. 73/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Páli Ágústi Finnbogasyni

(Sigurður Ólason hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Ármann
Snævarr.**

Tékkamisferli.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna og þeir bankamenn komið fyrir dóm og gefið skýrslur. Samkvæmt þessum gögnum verður að leggja til grundvallar, að ákærði hafi haft ástæðu til að ætla, að dregið yrði að skuldfæra vexti á hlaupareikningi hans í Útvegsbanka Íslands. Nægði því yfirdráttarheimild ákærða til greiðslu þeirra tékka, sem lýst er í 5.—9. ákærulið. Ber því að sýkna ákærða af þessum ákæruatriðum. Brot ákærða samkvæmt ákæruliðum 1—4 og 10 eru í héraðsdómi rétt færð til 261. gr. almennra hegningarlaga. Gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt þess efnis, að ákærði hafi greitt tékkann, sem fjallað er um í ákærulið 2, í októbermánuði 1969. Hefur ákærði því greitt fjárhæðir allra tékkanna. Að þessu athuguðu þykir mega ákveða, að fullnustu refsingar ákærða, sem þykir hæfilega ákveðin varðhald 45 daga, skuli fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Ágúst Finnbogason, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 10.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1970.

Ár 1970, fimmtudaginn 29. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 48/1970: Ákærvaldið gegn Páli Ágústi Finnbogasyni, sem tekið var til dóms 27. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. desember f. á., gegn Páli Ágústi Finnbogasyni prentmyndasmið, Laugavegi 28 hér í borg, fæddum 12. maí 1919 að Velli í Hvolhreppi, „fyrir tékkasvik og annað tékkamisferli, framið í Reykjavík á árinu 1969, með því að gefa út eftirtalda tékka á hlaupareikning sinn nr. 5142 í Útvegsbanka Íslands og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

1. I. Nr. 56104, kr. 15.825.00, til handhafa, dagsettur 8. maí 1969.

Greiðsla til Erlu Pálsdóttur, Smyrlahrauni 56, fyrir áskriftasöfnun að riti.

2. I. Nr. 56113, kr. 565.50, til Rafmagnsveitu Reykjavíkur, dagsettur 25. maí 1969.

Greiðsla á rafmagnsreikningi.

3. I. Nr. 56123, kr. 10.000.00, til Davíðs Sigurðssonar, dagsettur 15. maí 1969.

Greiðsla til Davíðs Sigurðssonar h/f á afborgun af bifreið.

4. I. Nr. 56125, kr. 3.000.00, til sj., dagsettur 9. maí 1969.

Óvíst um notkun.

5. I. Nr. 58897, kr. 1.440.00, til Leturs, dagsettur 27. ágúst 1969.

Greiðsla til Leturs h/f fyrir prentverk.

6. I. Nr. 58898, kr. 6.342.00, til Búnaðarbankans, dagsettur 28. ágúst 1969.

Greiðsla víxilskuldar við Búnaðarbanka Íslands.

7. I. Nr. 59646, kr. 150.00, til handhafa, dagsettur 8. september 1969.

Greiðsla fyrir vörur í verzlun Vald. Poulsen h/f.

8. I. Nr. 60109, kr. 500.00, til handhafa, dagsettur 23. september 1969.

Greiðsla fyrir veitingar í Hótel Loftleiðum.

9. I. Nr. 60119, kr. 1.000.00, til handhafa, dagsettur 28. september 1969.

Greiðsla fyrir benzín í Nesti við Elliðaár.

10. I. Nr. 60123, kr. 10.000.00, til handhafa, dagsettur 30. september 1969.

Seldur Sigurbirni Eiríkssyni, veitingamanni í Glaumbæ.

Verknaðir þeir, sem lýst er í liðum 7—10, þykja varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaðir þeir, sem lýst er í liðum 1—6, þykja varða við 261. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, skaðabóta- greiðslu og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærði rekur prentmyndagerð. Í sumar hóf hann einnig útgáfu mánaðarritsins Húsmóðirin og heimilið.

Ákærði hafði hlaupareikning í Útvegsbanka Íslands með númerinu 5142. Hann notaði reikninginn í sambandi við atvinnurekstur sinn. Í byrjun apríl samdi hann við bankann um yfirdráttarheimild að fjárhæð kr. 150.000.00. Átti að greiða yfirdráttinn með 50 þús. kr. hvert sinn hinn 25. maí, 25. júní og 25. júlí 1969.

Í maí 1969 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum 4 tékka á reikninginn, er innstæða var ekki fyrir við sýningu. Um tékka þessa fjalla liðir 1—4 í ákæru.

Með tékka að fjárhæð kr. 15.825.00, útgefnum til handhafa 8. maí, greiddi ákærði Erlu Pálsdóttur, Smyrlahrauni 56, Hafnarfirði, þóknun fyrir söfnun á áskrifendum að riti ákærða. Tékki þessi var sýndur í greiðslubankanum 23. maí. Samkvæmt yfirliti yfir reikninginn hefur yfirdráttarskuld á reikningnum þá verið kr. 151.412.21, þ. e. yfirdráttarheimildin hefur verið fullnýtt og nokkru meira.

Með tékka að fjárhæð kr. 565.50, útgefnum til Rafmagnsveitu Reykjavíkur 25. maí, kveðst ákærði hafa greitt reikning fyrir rafmagn. Þegar tékkinn var sýndur í banka 3. júní, hefur skuld á reikningnum numið kr. 153.138.21.

Með tékka að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefnum til Davíðs Sigurðssonar 15. maí, greiddi ákærði Davíð Sigurðssyni afborgun af bifreið, sem hann hafði keypt af fyrirtæki Davíðs. Tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 22. maí. Þá hefur yfirdráttarheimildin verið fullnýtt (skuld á reikningnum kr. 151.412.21).

Hinn 31. júlí, en þá hefur ákærði verið búinn að fá frá Seðlabankanum kröfu um greiðslu á tékkum þessum, greiddi ákærði Seðlabankanum 15.000.00 kr. upp í tékkana. Kveðst hann hafa fengið frest hjá bankanum á greiðslu eftirstöðvanna.

Ekki stóð ákærði við samninga sína við Útvegsbankann um greiðslur á yfirdrættinum. Þrátt fyrir það hækkaði bankinn hinn 26. ágúst yfirdráttarheimild sína til ákærða um 20 þús. kr. Nam yfirdráttarheimild ákærða nú kr. 170.000.00. Ákærði skyldi greiða yfirdráttinn upp hinn 25. september.

Á tímabilinu 27. ágúst til 30. september 1969 gaf ákærði út og notaði í viðskiptum 6 tékka á reikning sinn, sem taldir voru án innstæðu við sýningu í greiðslubankanum.

Með tékka að fjárhæð kr. 1.440.00, útgefnum til Leturs 27. ágúst, greiddi ákærði Letri h/f, fjölritun, fyrir fjölritunarverk. Tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 17. september. Þá var yfirdrátturinn fullnýttur, enda nam skuld ákærða á reikningnum kr. 170.150.56.

Með tékka að fjárhæð kr. 6.342.00, útgefnum til Búnaðarbankans 28. ágúst, kveðst ákærði hafa greitt Búnaðarbankanum víxilskuld. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 29. ágúst. Þá hefur yfirdráttarskuld á reikningi ákærða eigi numið nema kr. 161.502.51. Hefur þannig verið eftir af yfirdráttarheimild ákærða kr. 8.497.49. Ekki liggur fyrir skýring á því, hvers vegna umræddur tékki var ekki greiddur í Útvegsbankanum við sýningu.

Fyrir tékka að fjárhæð kr. 150.00, útgefinn til handhafa 8. september, kveðst ákærði hafa keypt einhverjar vörur í verzlun Vald. Poulsen, en tékkinn ber framsal verzlunarinnar. Tékkinn hefur verið sýndur í greiðslubankanum 17. september, og hefur yfirdrátturinn þá verið fullnýttur.

Fyrir tékka að fjárhæð kr. 500.00, útgefinn til handhafa 23. september, kveðst ákærði hafa keypt veitingar í Hótel Loftleið-

um, og er það í samræmi við framsal á tékkanum. Á sýningar-degi tékkans, 2. október, hefur yfirdráttarskuldin á reikningnum numið kr. 176.032.26.

Með tékka að fjárhæð kr. 1.000.00, útgefnum til handhafa 28. september, (framseljandi Valdimar Jónsson, Nesti h/f) kveðst ákærði hafa greitt benzín, sem hann keypti í Nesti. Þessi tékki var sýndur í greiðslubankanum 2. október, sbr. næst hér á undan.

Tékka að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefinn til handhafa 30. september, seldi ákærði Sigurbirni Eiríkssyni veitingamanni. Tékkinn var sýndur í greiðslubankanum 2. október. Sigurbirni var kunnugt um það við viðtöku tékkans, að innstæða var þá ekki fyrir honum. Var hér í rauninni um skyndilán Sigurbjörns til ákærða að ræða.

Ákærði telur sig aldrei hafa gefið tékka út í sviksamlegum tilgangi. Hafi hann jafnan talið, að reikningur sinn stæði þannig, að tékkarnir mundu greiddir við sýningu. Hann hefur borið það fyrir sig, að hann hafi fengið loforð um, að beðið yrði með að draga vexti út af reikningnum, en það hafi eigi að síður verið gert. Við þetta er það að athuga, að eftir að ákærði samdi í ágúst um viðbótaryfirdrátt, hafa vextir einungis verið skuldfærðir á reikningnum hinn 25. september, kr. 1.398.70, en þá var yfirdráttarheimildin þegar fullnýtt, enda nam skuld á reikningnum kr. 171.399.26, þegar umræddir vextir höfðu verið reiknaðir.

Ákærði kveðst hafa greitt alla tékkana, og hafa verið færðar sönnur á, að ákærði greiddi Seðlabankanum tékka þá, sem lýst er í ákæruliðum 1, 6, 7 og 10, og auk þess er upplýst, að ákærði hefur greitt tékkana í ákæruliðum 3, 4, 5, 8 og 9.

Niðurstöður.

Með notkun tékka þeirra, sem lýst er í ákæruliðum 7—9, hefur ákærði brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga.

Fyrir notkun tékka þeirra, sem lýst er í ákæruliðum 1—5, ber að refsa ákærða samkvæmt 261. gr. almennra hegningarlaga. Einnig ber að refsa ákærða samkvæmt sama ákvæði fyrir notkun tékkans, sem ákæruliður 10 lýtur að, en ekki samkvæmt 248. gr., svo sem krafizt er, enda hefur komið fram, að viðtakandi tékkans vissi um það við viðtöku hans, að innstæða var þá ekki fyrir tékkanum.

Ákærði verður sýknaður af refsikröfu vegna tékka þess, sem lýst er í ákærulið 6, enda hafði ákærði yfirdráttarheimild ónotaða, er nam meiru en fjárhæð þessa tékka.

Ákærði hefur áður sætt þessum refsidómum:

- 1944 11/3 400 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 155. gr., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga.
 1954 20/1 2.000 kr. sekt fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
 1962 21/3 6 mánaða fangelsi fyrir skjalafals.
 1964 24/7 1 árs fangelsi fyrir skjalafals.
 1965 2/6 Sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga, en refsing ekki dæmd.

Auk þess hefur ákærði sætzt á greiðslu sekta fyrir ýmiss konar brot, m. a. þrúgis fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga (1960: 3.000 kr. sekt, 1961: 1.000 kr. sekt, 1969: 5.000 kr. sekt).

Tjón af auðgunarbrotum ákærða nemur að vísu aðeins kr. 1.650.00, en með því að ákærði hefur áður verið sakfelldur fyrir auðgunarbrot með dómi, verður að dæma hann til fangelsisrefsingar (sbr. um þetta 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga). Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og brotaferli ákærða, en einnig því, að ákærði hefur bætt tjón af brotum sínum, verður refsing hans ákveðin fangelsi 45 daga.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Ágúst Finnbogason, sæti fangelsi 45 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.
